

„Ef ég sem rektor get tryggt það að góður skóli verði enn betri þá er ég mjög glaður“

**Viðtal við  
Jón Atla Benediktsson**



“If I as rector can ensure that a good school becomes even better, then I will be very happy.”

**An interview with  
Jón Atli Benediktsson**

Jón Atli Benediktsson tók við embætti rektors Háskóla Íslands fyrir rúmlega tveimur árum. Hann nýtur mikillar virðingar innan Háskólans sem og innan hins alþjóðlega fræðasamfélags en hann hefur verið einn afkastamesti vísindamaður skólans, birt yfir 300 fræðigreinar og bókarkafla, setið í ritstjórnnum margra alþjóðlegra fræðiritra og verið virkur í nýsköpun. Þá er Jón einnig mikill áhugamaður um tónlist og safnar plötum.

Þrátt fyrir erfitt árferði og verulegan fjármagnsskort er Háskóli Íslands einn af tvö hundruð bestu háskólum í heiminum, en nýlega færðist hann niður um sæti á þeim lista. Ræddum við Jón Atli um ófremdarástand hvað varðar fjárframlög til menntamála, breytingar á reiknilíkaninu, aðgangspróf, tungumálanám, kennaraskort og stúdentaíbúðir svo fátt eitt sé nefnt.

### Fjármögnunin efst í huga í skólabyrjun

Jón Atli segir að undirfjármögnun háskólastigsins sé honum efst í huga í byrjun nýs skólaárs. Úttektir Efnahags- og framfarastofnunarinnar sýna að íslenskir háskólar eru alvarlega undirfjármagnaðir og fá um helmingi lægra framlag á hvern nemanda en háskólar annars staðar á Norðurlöndunum. Til þess að ná meðaltali framlaga í OECD-ríkjunum þarf átta milljarða króna til viðbótar við núverandi framlag og sextán milljarða króna þarf til að ná meðaltali Norðurlandanna.

Jón segir að undirbúningur fyrir skólaárið hafi gengið ágætlega þrátt fyrir erfitt árferði. „Undirbúningur hefur gengið ágætlega. Það var sérstaklega erfitt að skipuleggja fjárhagsáætlun fyrir þetta ár þar sem við komum út í halla á síðasta

ári. Að stórum hluta lá hann fyrir í okkar áætlunum en fjöldi sviða og eininga gerir það flókið að stýra þessu,“ segir Jón Atli. Þá segir hann að umræðan um langvarandi undirfjármögnun háskólans sé orðin lýjandi fyrir starfsfólk og stúdenta en að hún sé vissulega nauðsynleg. „Þessi fjármálaumræða er svo leiðinleg og lýjandi fyrir starfsfólk og stúdenta en auðvitað viljum við hafa öflugan háskóla sem er fjármagnaður eins og norrænu háskólarnir, samanburðarháskólarnir. Við erum aftur á móti ríkisháskóli og erum undir því komin að ríkið fjármagni okkur,“ bætir hann við.

### Aðalatriðið að sækja fram og gera öflugan skóla enn betri

Fjármálaáætlun fyrir árin 2017 – 2021 gerir ráð fyrir heildarútgjaldaaukningu til uppbyggingar ýmissa innviða samfélagsins en skilur háskólana eftir. Jón segist ekki geta sagt hvers vegna menntamálin virðast alltaf sitja á hakanum. „Okkur hefur gengið mjög vel á undanförunum árum og erum núna á lista yfir 250 bestu háskóla í heimi. Það er glæsilegur árangur en þá segir fólk aftur á móti að ef okkur gengur svona vel þá hljóti fjármagnið að vera nóg,“ segir hann.

Jón Atli Benediktsson took office as rector of the University of Iceland just over two years ago. He is well respected within the University as well as in the international academic community, and he is one of the University's most prolific scholars, having published over 300 academic articles and book chapters, sat on the editorial boards of multiple international academic journals, and been active in innovation. Jón is also a great music enthusiast and collects records.

Despite difficult times and a significant lack of funding, the University of Iceland is one of the top two hundred universities in the world. However, it recently slipped a bit lower in the rankings. Jón Atli and I discussed, among other things, the grave situation regarding public funding of education, changes to the funding formula, entrance exams, language studies, lack of teachers, and student housing.

### Funding at the front of his mind as school starts

Jón Atli says that the underfunding of higher education is at the front of his mind as the new school year begins. Studies from the Organization for Economic Co-operation and Development (OECD) reveal that Icelandic universities are severely underfunded and receive about 50% less funding per student than comparable universities in the Nordic countries. Reaching the average funding level for all OECD member countries would require an additional eight million ISK above the amount assumed in the current government budget proposal. An additional 16 million ISK would bring Iceland up to the Nordic country average.

Jón says that preparations for the school year have gone very well despite recent difficulties. „Preparations have gone very well. Organizing this year's budget was particularly challenging, as we ended up with a deficit last year. In large part, the challenge was in planning, and the number of departments and other units involved makes it complicated to manage,“ says Jón Atli. He adds that the discussion about the University's prolonged underfunding has become tiring for students and staff but that it is unquestionably necessary. „This funding discussion is so tedious and tiring for staff and students, but of course we want to have a strong university that is funded like the Nordic universities, comparable universities. On the other hand, we are a public university and therefore dependent on government funding,“ he adds.

### The main objective is moving forward and making a great school even better

The government budget proposal for 2017-2021 accounts for an overall increase in spending to

„Það væri náttúrulega best ef það væri samræmt stúdentspróf svo allir sætu við sama borð.“

„We know that all subjects are underfunded to some degree. Nearly half are in serious financial trouble“

Segir hann að grunnfjármögnun sé lykillinn að því að geta sinnt starfinu enn betur. Bendir hann jafnframt á að ef litíð er á meðaltal OECD ríkjanna hvað varðar háskólafjármögnun sjáist bersýnilega að ástandið sé ekki nógu gott. „Meðan hlutirnir ganga vel og við erum að sinna okkar hlutverki, þá heldur fólk að þetta sé allt í lagi en við erum að hugsa þetta til lengri tíma. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir íslenskt samfélag að Háskóli Íslands sé sterkur.“

#### Nemendum ekki sinnt nægilega vel

Fjársvelti Háskólans kemur niður á nemendum á margvíslegan hátt. Segir Jón Atli að vandamál sé að sinna nemendum nægilega vel og að bekkir verði of stórir. Nefnir hann einnig að þegar of margir eru í hverjum tíma sé ekki hægt að veita þeim þá þjónustu og þá endurgjöf sem þarf. „Það verður að bregðast við því og við verðum að fara yfir hvernig við getum veitt nemendum okkar sem besta þjónustu miðað við þá fjármuni sem við höfum,“ segir hann.

Spurður hvort aðgangspróf séu ákjósanlegur kostur segist Jón Atli ekki geta svarað því. Segir hann að þetta hangi saman við fjármögnunina og að þetta sé eitthvað sem sé verið að ræða við ríkisvaldið. „Er þetta þannig að við erum að tala um að það verði fleiri kvótar? Það er ekkert ljóst. Er ríkisvaldið að tala um frekari fækkun? Það er heldur ekki ljóst. Eins og staðan er núna myndi ég ekkert endilega halda að það sé þannig,“ segir Jón Atli. Vill hann skoða þann möguleika að vera með samræmt stúdentspróf.



„Það væri náttúrulega best ef það væri samræmt stúdentspróf svo allir sætu við sama borð.“

Jón Atli segir að kostirnir við að hafa alltaf jafn marga nemendur í grein séu margir. Nefnir hann að með því sé hægt að skipuleggja starfið betur. „Þá er hins vegar spurningin hversu mörg sætin eiga að vera. Ég hef lagt áherslu á það að ef íslenska ríkið vill að þetta sé gert þá verði að vanda sig. Það verður að skoða hvernig þetta er gert erlendis, nýta sérfræðipækkingu

strengthen various aspects of the social infrastructure, but the universities are overlooked. Jón says he cannot explain why education always seems to be neglected. “We’ve been doing really well in recent years and are now on the list of the 250 best universities in the world. That is an outstanding success, but on the other hand, people say that if we’re doing so well, there must be enough funding,“ he says.

He says that basic funding is the key to being able to do an even better job. He points out that comparison with the OECD member states’ average university funding levels clearly shows that the situation here is not up to par. “As long as things are going well and we’re doing our job, people think everything is okay, but we’re thinking long term. A strong University of Iceland is vital to Icelandic society.”

#### Students’ needs not sufficiently met

The lack of funding takes its toll on students in many ways. Jón Atli says one problem is ensuring that students’ needs are properly met and that class sizes don’t become too large. He points out that when there are too many students in each class, it’s impossible to give them the service and feedback they need. “We must address these problems and look at how we can best serve our students with our current level of funding.”

Asked if entrance exams are an appealing option, Jón Atli says he cannot answer. He says that it’s connected to funding and that this is something currently being discussed with the government. “Are we then saying there will be more quotas? That’s unclear. Is the government talking about further

reduction? That isn’t clear either. With the current situation, I don’t necessarily think that’s the case,“ says Jón Atli. He wants to look into the possibility of standardized matriculation exams at the end of upper secondary education (menntaskóli). “It would of course be best if there were a standardized matriculation exam so everyone would be on the same page.”

Jón Atli says there are many benefits to always having an equal number of students in each subject, noting

„Ég veit að það er hægt að gagnrýna það að fara að breyta þessu þegar ákvörðun hefur verið tekin en við verðum líka að passa okkur að það verði ekki einhver siys. Svona menningarleg siys“

innanlands og gera þetta þannig að það sé ekki bara hlaupið í þetta og sagt að þetta eigi að vera svona,“ segir hann.

### Reiknilíkanið steinn í götu framfara

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að endurskoða eigi reiknilíkanið sem er notað til að dreifa fjármagni á milli sviða í háskólanum. Staðið hefur til að endurskoða það síðan 2007 en það var tekið í notkun um síðustu aldamót að sænskri fyrirmynd. Jón telur að einhverjar líkur séu á að ráðist verði í þessar breytingar núna en ef til vill gerist það ekki alveg strax. „Nú eru Svíarnir einmitt að fara í gegnum breytingar hjá sér og það er náttúrulega ágætt að fylgjast vel með því hvernig þeim gengur með þetta. Ég held að það séu ýmis tækifæri í stöðunni. Kennsluhættir hafa breyst og að reiknilíkanið þarf að taka mið af því,“ segir Jón Atli.



### Tæplega helmingur námsgreina í verulegum fjárhagsvandræðum

Jón Atli segir að enginn námsgrein fari varhluta af þeim fjárhagsvandræðum sem Háskólinn er í. „Við vitum fyrir það fyrsta að allar greinarnar eru að einhverju leyti undirfjármagnaðar. Tæplega

helmingur er í verulegum fjárhagsvandræðum,“ segir Jón Atli. Þá bendir hann jafnframt á að þriðjungur greina sé í fjárhagsvandræðum og afgangurinn ekki í góðu lagi.

### Tungumálanám í mikilli hættu

Síðasta vor var Veröld, hús Vigdísar

Finnbogadóttur, opnað. Kennsla hefst í húsinu núna í haust. „Tungumálin eru lykillinn að alþjóðlegu samfélagi og eru einstaklega mikilvæg fyrir okkur,“ segir Jón. „Háskóli Íslands er stofnaður sem hluti af sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Tungumálin eru einstaklega mikilvæg ef við skoðum stöðu Háskóla Íslands, bæði innanlands og í alþjóðlegu samhengi.“ Greinum hefur fækkað sökum fjársveltis Háskólans og þá sérstaklega námsgreinum í tungumálanámi af þeirri ástæðu að það eru ekki nógu margir í þeim. Segir Jón að ef það koma ekki nemendur sé ekki hægt að hafa greinarnar og þá þurfi að bregðast við með

that it makes it easier to allocate resources. “On the other hand, it’s a question of how many spots ought to be available in each program. I’ve stressed that if the Icelandic government wants this done, then it must be done carefully. We have to study how this is done in other countries, consult local experts, and do it in a kind of way where we’re not just rushing into it and saying that this is how it should be done,“ he says.

### Funding formula an obstacle

### on the road to success

A federal government agreement states that the funding formula used to distribute funding among university faculties is due for review. The funding formula was adapted from a Swedish model and first used at the turn of the century. Reviewing the formula has been on the agenda since 2007. Jón believes the review process will probably start soon, but perhaps not immediately.

### Nearly half of all programs face critical funding challenges

Jón Atli says that no program is unaffected by the University’s funding problem. “First, we know that all subjects are underfunded to some degree. Nearly half are in serious financial trouble,“ says Jón Atli. Moreover, he points out, one-third of all study programs face financial difficulties, and the rest are not in good shape either.

### Language programs in great danger

Veröld, the Vigdís Finnbogadóttir house, opened last spring. Instruction begins in the house this semester. “Languages are the key to an international society and are especially important for us,“ says Jón. “The University of Iceland was founded as part of Icelanders’ battle for independence. Languages are of particular importance if we examine the University of Iceland’s standing, both domestically and in an international

“In 1911, it was said that Iceland would become a nation among nations by having a strong university. That is happening, and so we must take care to foster what we have.”

því að skoða einhverjar skipulagsbreytingar. Mætti til að mynda skoða að taka fleiri tungumál saman í einhverjar leiðir. „Við munum gera allt sem við getum til þess að treysta grunninn frekar en að veikja hann,” segir hann.

„Það þarf að huga að ýnsu en það er mikilvægt að nálgast þetta á jákvæðan hátt og vera gagnrýnin í hugsun“

Vandamálið er eiginlega tvíþætt segir Jón. „Fyrir það fyrsta eru tiltölulega fáir nemendur í þessum greinum og svo hjálpar

reiknilíkanið ekki vegna þess að tungumálakennslan er svo einstaklingsmiðuð. Til þess að geta kennt tungumál vel kennirðu það ekki í hundrað manna sal og lætur fólk skila verkefnum. Númer tvö er að við höfum notið stuðnings erlendra ríkja og það virðist vera þróunin að þessi erlendu ríki eru að draga aðeins saman í stuðningi sínum og það veikir okkur líka,” segir Jón Atli.

Aðspurður hvað sé hægt að gera segir Jón að verið sé að ræða málin við Norðurlandþjóðirnar. „Við erum að ræða þessi mál við Norðurlandþjóðirnar. Þetta er mikilvægt verkefni fyrir Háskóla Íslands og við leggjum áherslu á það að Háskóli Íslands er breiður háskóli sem býður upp á nánast allar greinar og tungumálin eru mjög mikilvæg þar,” bætir hann við.

#### Háskólinn vel undirbúinn fyrir tvo árganga á næsta ári

Á næsta ári munu tveir árgangar útskrifast úr framhaldsskólunum vegna breytts fyrirkomulags í menntaskólakerfinu. Jón Atli segir Háskólann ágætlega undirbúinn fyrir það. „Við teljum okkur vera ágætlega undirbúin. Við gerum ekki ráð fyrir að þetta verði stórkostleg fjölgun og við teljum okkur alveg getað sinnt þeirri fjölgun sem verður. Við höfum líka reynt af svona fjölgun áður þegar hrunið var,” segir hann. Helsta áhyggjumálið segir hann vera samkeppnisprófin. „Það þarf að huga að því gagnvart nemendum að það er fjölgun en það eru alltaf jafnmörg sæti. Við þurfum að skoða það sérstaklega.“

#### Vantar fleiri í kennaranám

Háskólinn hefur verið að beita sér sérstaklega fyrir að fá fleiri í kennaranám en þar er skortur fram undan. „Þeir sem klára kennaranámið fá yfirleitt allir vinnu. Þá er það bara spurning um samfélagslegan þrýsting og Háskólinn hefur náttúrulega hlutverki að gegna þar,” segir Jón. „Við erum með náms- og starfsráðgjöf sem stendur sig mjög vel en við þurfum með menntamálayfirvöldum að gera nemendum betur grein fyrir tækifærunum,” bætir hann við.

Sameining Kennaraháskólans og Háskóla Íslands árið 2008 átti að efla kennaramenntun og háskólinn hefur síðan þá verið með sérstaka aðgerðaráætlun í gangi. „Þetta er mál sem ríkisvaldið gerir sér grein fyrir

context.” Because of the lack of funding, available courses of study have decreased, especially programs in language study because there are not enough students. Jón says that if students don't show up, it's impossible to maintain the programs, and the University must respond by considering some sort of organizational changes. For example, the school might consider combining several languages into various tracks. “We will do everything that we can to strengthen the foundation rather than weaken it,” he says.

The problem is really twofold, says Jón. “Firstly, there are relatively few students in these programs, and the funding formula doesn't help, because language instruction is so individual. To teach a language well, you don't teach it in a room of a hundred students and have them submit assignments. Secondly, we've received support from foreign countries, but the trend seems to be that these countries are curbing their support, and that also weakens our situation,” says Jón Atli.

Asked what can be done, Jón says that the issue is currently being discussed with the Nordic countries. “We're discussing this issue with the Nordic countries. It's an important task for the University of Iceland, and we emphasize the University of Iceland being a comprehensive university that offers nearly all subjects, languages very important among them,” he adds.

University well prepared for two cohorts next year Next spring, two cohorts of students will graduate from upper secondary school due to structural changes in the education system. Jón says the University is adequately prepared. “We think we are well prepared. We don't anticipate any drastic increase, and the increase we do expect is within our ability to handle. We also have experience from such an increase after the financial crash,” he says. The biggest worry will be competitive entrance exams. “With regards to students, we need to take into account that there will be more applicants, but the same number of openings. We have to study this carefully.”

#### More needed in teacher training

The University has been focusing on getting more people into the teacher training program, as there's a looming teacher shortage. “Usually, everyone who finishes the program gets a job. It's simply a matter of societal pressure, and the University definitely has a role to play there,” says Jón. “We have guidance counselors who do a great job, but we need to work with the Ministry of Education to better inform students about the available opportunities,” he says.

The merging of the Icelandic College of Education and the University of Iceland in 2008 was supposed to strengthen teacher training, and the University has had a special plan of action since then. “This is something that the government recognizes is important,” says Jón. “We have to increase respect for teachers, advocate for the job's importance, and improve research in educational science.” Jón thinks there could also be

að er mikilvægt,“ segir Jón. „Það sem er mikilvægt í þessu er að efla virðingu fyrir kennarastarfinu, kynna mikilvægi starfsins og efla rannsóknir í menntunarfræðum og menntavísindum.“ Þá telur Jón að möguleiki sé að skoða nýjar leiðir til að efla kennaramenntun. „Síðan væri líka hugsanlegt að fólk með mismunandi bakgrunn geti komið inn í námið á ýmsum stigum en það er náttúrulega menntavísindasvið sem leiðir þetta en yfirstjórn háskólans kemur inn í þetta líka. Þetta er langtímaverkefni. Við sáum fjölgun núna og við þurfum svo að halda þessu áfram svo þetta verði viðvarandi,“ segir hann.

### Veröld og Hús íslenskra fræða

Veröld, hús Vigdísar Finnbogadóttur, verður notað í kennslu frá og með haustinu. „Þetta er glæsileg bygging og þarna erum við að lýsa yfir hvað erlendu tungumálin eru gríðarlega mikilvæg. Þetta er skemmtilegt og mikilvægt fyrir nemendur og hugvísindin,“ segir Jón. Þá er Hús íslenskra fræða komið inn í stjórnarsáttmála. Jón Atli bendir þó á að það hefði verið betra að klára bygginguna fyrr þar sem byggingarkostnaður er að aukast. „Þetta er að fara af stað. Íslenskan er kjölfestan í starfi Háskóla Íslands að stórum hluta og Háskóli Íslands þarf að búa vel að henni.“

### Mikið hagsmunamál fyrir nemendur að stúdentaíbúðir risi við Gamla garð

Mikið hefur verið rætt um nýja stúdentagarða við Gamla garð. Í október var tilkynnt um umfangsmestu framkvæmdir í sögu Félagsstofnun stúdenta þar sem fyrirhugað er að reisa yfir 400 stúdentaíbúðir. Hluti þeirra á að rísa við Gamla garð. Minjastofnun Íslands taldi þessa byggingu við Gamla garð raska listrænni skipulagsheild á svæðinu og krafðist þess að horfið væri frá byggingaráætlunum á reitnum. Stúdentaráð Háskóla Íslands sendi frá sér yfirlýsingu í kjölfarið þar sem mikilvægi áframhaldandi uppbyggingar stúdentaíbúða var ítrekað. Á hverju ári biða um þúsund stúdentar eftir úthlutun á íbúð og útlit er fyrir að biðlistar muni lengjast á næsta ári. Stúdentaráð telur mikilvægt að nýju íbúðirnar risi á háskólasvæðinu en stúdentar vilja helst búa nálægt Háskólanum. Stúdentaráð ítrekaði jafnframt að byggingin myndi hjálpa til við að byggja upp lifandi háskólaumhverfi, sem er sameiginlegt markmið stúdenta og háskólans.

new ways to strengthen teacher training. “It would also be possible for people with different backgrounds to enter the program at different levels. It is of course the School of Education leading the effort, but University administration does have a role to play. This is a long-term project. We saw an increase now and need to keep going so it will last,” he says.

Veröld and the House of Icelandic Studies  
Veröld, the Vigdís Finnbogadóttir house, will be used starting this fall. “This is a majestic building that proclaims the great importance of foreign languages. It’s fun and important for students and for the humanities,” says Jón. The House of Icelandic Studies is also accounted for in the government agreement. Jón says it would have been better to complete the building earlier since building costs are rising. “It’s getting started. Icelandic is at the core of the University of Iceland, and the University needs to cultivate it.”

### Construction of new student residence by Gamli Garður in students’ interests

The new student housing by Gamli Garður has been much discussed. Last October the largest building project ever undertaken by Student Services was announced, consisting of over 400 student apartments. Some of them will be built by Gamli Garður. The Cultural Heritage Agency of Iceland declared that this project would ruin the artistic integrity of the area and demanded the plans be abandoned. The University of Iceland’s Student Council released a statement emphasizing the importance of more student housing. Every year, around a thousand students wait for an



apartment to become available, and all evidence points to that waiting list getting longer next year. The Student Council stresses the importance of the new residences being on campus, where students would prefer to live. The Student Council also pointed out that the building would help to create a thriving university community, something students and the University alike want to see.

Jón segir að byggingin verði að falla vel að umhverfinu. „Við gerðum strax athugasemd við að þetta yrði að falla vel að Gamla garði. Nú er Minjastofnun búin að gera athugasemd og ef Háskólinn hlustar ekki á fagfólk þá er spurning hver gerir það“ segir Jón. „Þess vegna fannst mér mikilvægt að háskólaráð fengi ráðrúm til að skoða málið betur. Síðan ef það er ekki hægt að leysa þetta mál er það Háskólans að finna annan stað,“ segir hann.

Jón Atli segist skilja mikilvægi íbúðanna fyrir nemendur. „Ég er einarður talsmaður þess að búa vel að stúdentum en ég nefndi sjálfur á sínum tíma að þetta yrði að falla vel að Gamla garði, ef íbúðirnar gera það ekki þá finnst mér það vera áhyggjuefni,“ segir hann. „Mér finnst það vera akademísk hugsun að við ígrundum allar ákvarðanir vel. Ég veit að það er hægt að gagnrýna það að fara að breyta þessu þegar ákvörðun hefur verið tekin en við verðum líka að passa okkur að það verði ekki einhver slys. Svona menningarleg slys,“ segir hann. Þá segir Jón að rætt verði við forystu stúdentna um málið. „Þess vegna finnst mér mikilvægt að Háskólaráð fái tækifæri til þess að fara vel yfir málið. Við munum að sjálfsögðu ræða við forystu stúdentna en ef það yrði breyting verður að koma eitthvað á móti,“ segir Jón.

### Stendur upp úr að Háskóli Íslands varð alþjóðlegur rannsóknarháskóli

Spurður hvað standi upp úr á löngum starfsferli hans segir hann að Háskóli Íslands hafi orðið alþjóðlegur rannsóknarháskóli á þessum tíma og það finnst honum mikilvægt. „Árið 1911 var sagt að Ísland yrði þjóð meðal þjóða með því að hafa öflugan Háskóla. Það er að gerast og þess vegna þarf að hlúa að Háskólanum,“ segir Jón. Einnig nefnir hann doktorsnámið og Háskólatorg. „Háskólatorg, sem var opnað 1. desember 2007 var gríðarlega mikilvægt verkefni og þar sáum við hvernig ein bygging getur breytt Háskólanum. Að hafa svona miðpunkt þar sem allir geta komið saman. Ég er ánægður með það,“ segir hann. „Það eru ótalmörg verkefni fram undan og vegna þess að við ræddum byggingar held ég að við þurfum að hugsa um heildarendurskipulag lóðarinnar og tryggja að það sé langtímahugsun í gangi. Ef ég sem rektor get tryggt að góður skóli verði enn betri þá er ég mjög glaður,“ segir Jón Atli.

### Mikilvægt að halda vel á spöðunum frá fyrstu mínútu

Spurður hvort hann hafi einhver heilræði fyrir nýnema segir hann að einna mikilvægast sé að taka námið alvarlega frá fyrstu mínútu. „Ekki hika við að spyrja, vera gagnrýnin í hugsun og koma jákvæð inn.“ Segir hann jafnframt að gott sé að taka þátt í félagslífinu sökum þess að félagsleg tengsl munu skila mjög miklu eftir háskólanám. „Að nýta tækifærin við námið er algjört lykilatriði og ég held að ef maður byrjar vel þá skiptir það máli upp á framhaldið. Það þarf að huga að ýmsu en það er mikilvægt að nálgast þetta á jákvæðan hátt og vera gagnrýnin í hugsun.“

Jón says the building has to conform well to its environment. “We immediately commented that it would need to fit in well Gamli Garður. The Cultural Heritage Agency has made a statement, and if the University doesn’t listen to experts, who will?” asks Jón. “This is why I thought it important that the University Council be given an opportunity to examine the matter further. It would then be up to the University to find another location if this one is deemed unsuitable,” he says.

Jón says he understands the importance of these residences for students. “I am a staunch advocate of protecting our students’ welfare, but I myself said at the time that this project would have to fit in well with Gamli Garður. If it doesn’t, I think that’s a matter of some concern,” he says. “I think part of academic thinking is that all decisions be well grounded. I know people might criticize us if we change things once a decision has been made, but we need to be careful and make sure that there won’t be any accident. A sort of cultural accident,” he says. Jón says the issue will be discussed with student leadership. “I think it’s important that the University Council be given a chance to review the matter. We will of course discuss the matter with student leadership. If anything changes, there must be an alternative,” says Jón.

### University of Iceland has become an international research university

Asked what stands out in his long career, Jón says that the University of Iceland has become an international research university in that time, and he believes that’s important. “In 1911, it was said that Iceland would become a nation among nations by having a strong university. That is happening, and so we must take care to foster what we have,” says Jón. He also mentions doctoral studies and the University Center (Háskólatorg). “Háskólatorg, which opened December 1, 2007, was an incredibly important project and we really saw how one building can change the university. Having a meeting point where everyone can come together. I’m pleased with that,” he says. “There are innumerable projects ahead and, since we’re talking about buildings, I think we need to consider the overall campus layout and ensure that we keep the long term in mind. If I as rector can ensure that a good school becomes even better, then I will be very happy,” says Jón.

### Important to stay on top of things from day one

Asked what advice he would offer to new students, Jón says one of the most important things is to take your studies seriously from day one. “Don’t hesitate to question, think critically and keep a positive outlook.” He says that participating in community life is also important, as social connections remain important long after graduation. “Taking advantage of the opportunities available is key. I think that starting strong makes a difference in the future. There’s a lot to consider, but it’s important to approach your studies with a positive outlook and a critical mind.”